

Þriðjudaginn 12. febrúar 1991.

Nr. 10/1991. **Landsbanki Íslands**

gegn

Sana hf.

Kærumál. Nauðungaruppboð. Aðild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Haraldur Henrysson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 27. desember 1990 samkvæmt heimild í 4. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Kæran barst Hæstarétti 8. janúar 1991.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir uppboðshaldara að halda þriðja og síðasta uppboð á húseigninni Norðurgötu 57 á Akureyri, þinglesinni eign varnaraðila, eins fljótt og verða meg. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Kærður er úrskurður, kveðinn upp í uppboðsrétti Akureyrar 19. desember 1990 af Elíasi I. Elíassyni bæjarfógeta. Er úrskurðurinn svohljóðandi:

„Uppboðspoli hefur með áfrýjunarstefnu, útgefinni 17. desember sl., áfrýjað úrskurði réttarins frá 30. nóvember sl., þar sem úrskurðað var, að uppboðinu skyldi fram haldið. Samkvæmt þessu og með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949 ber að fresta frekari framkvæmd uppboðsins, þar til lyktir fást á hæstaréttarmálinu.

Á l y k t a r o r ð :

Meðferð uppboðsmálsins frestast, þar til lyktir hæstaréttarmálsins liggja fyrir.“

Uppboðshaldari hefur með vísan til 2. mgr. 190. gr. laga nr.

85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988, sent Hæstarétti hinn 20. janúar 1991 svohljóðandi forsendur og rök fyrir hinum kærða úrskurði:

„Hinn 30. nóvember 1990 og að undangengnum úrskurði, upp-
kveðnum þann sama dag, fór fram annað og síðara nauðungar-
uppboð á fasteigninni Norðurgötu 57, Akureyri, eign Sana hf.
Hafði annarri sölu þá verið frestað tvívegis, en fyrsta sala fór fram
26. janúar s.á.

Er þriðja og síðasta nauðungaruppboð skyldi síðan fara fram á
eigninni sjálfri 19. desember 1990, var þess krafizt af hálfu upp-
boðspola, að því yrði frestað, þar sem áðurgreindum úrskurði í
málinu hefði verið skotið til Hæstaréttar, sbr. afrit af hæstaréttar-
stefnu, sem jafnframt var lögð fram í málinu. Var krafa þessi byggð
á 7. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Af hálfu uppboðsbeiðanda, Landsbanka Íslands, var frekari
fresti mótmælt og úrskurðar krafizt um það atriði. Fyrir uppboðs-
pola vakti það eitt að tefja málið með málskoti til Hæstaréttar.
Fyrrgreind 7. gr. uppboðslaga ætti hér ekki við, því að hér væri
ekki ágreiningur út af uppboðsheimild. Loks taldi hann frestun hafa
í för með sér rýrnun veðsins.

Fallast má á það með úrskurðarbeiðanda, að 7. gr. uppboðs-
laganna eigi hér ekki við, enda fjallaði úrskurðurinn frá 30. nóv-
ember fyrst og fremst um formlega hlið málsins að öðru leyti.

Á hinn bóginn er á það að líta, að fyrir liggur í málinu, að um-
ræddum úrskurði frá 30. nóvember á þá leið að annað og síðara
uppboð skyldi fara fram, hefur verið skotið til Hæstaréttar, og þar
skal mál þingfest 1. n.m.

Á meðan eigi hefur verið um það fjallað í æðra rétti, hvort annað
og síðara uppboð á eigninni skyldi að svo vöxnu máli, eins og málið
þá lá fyrir, fara fram, og með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 27.
gr. uppboðslaga, þótti bera að fresta þriðju og síðustu sölu á eign-
inni, þar til dómur Hæstaréttar væri genginn.“

Uppboðshaldari getur þess, að uppboðsréttarmálið hafi verið
þingfest 1. september 1989, en sóknaraðili hafi ekki orðið aðili að
því fyrr en 30. nóvember 1990. Hann hafi einn uppboðsbeiðenda
neitað um frest á þriðju sölu eignarinnar í þinghaldi 19. desember
1990, en þá hafi þing verið sótt af hálfu allra uppboðsbeiðenda.

Uppboðshaldarinn hefur í bréfi 25. janúar 1991, sbr. 28. gr. laga nr. 75/1973, tilkynnt um kærumál þetta eftirtöldum aðilum uppboðsmálsins: Íslandsbanka h/f, Iðnþróunarsjóði, Iðnlánasjóði, Þróunarfélagi Íslands h/f og bæjarsjóði Akureyrar.

Síðastgreindir fimm aðilar hafa ekki skilað greinargerð til Hæstaréttar í kærumálinu.

II.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar á því, að áfrýjun uppboðsréttarmálsins til Hæstaréttar eigi ekki að leiða til frestunar uppboðssölu, hvorki samkvæmt 7. gr. né 22. gr. laga nr. 57/1949. Þá verði ekki séð, að nokkrir þeir gallar hafi verið á framkvæmd uppboðsins, er réttlæti frestun þess á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laganna. Áfrýjun uppboðsréttarmálsins hafi verið til málamynda og eingöngu í þeim tilgangi að tefja málið.

III.

Varnaraðili reisir kröfur sínar á því, að ótvírætt sé, að fresta beri uppboðsréttarmálinu, uns dómur hafi verið kveðinn upp í nefndu hæstaréttarmáli. Þessu til stuðnings vísar hann til 7. gr., sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 57/1949. Ljóst sé, að eftir áfrýjun uppboðsréttarmáls til Hæstaréttar skuli uppboðssala því aðeins fara fram, að verðmæti liggi undir skemmdum, hætta sé á verðryrnun þeirra að marki eða varðveisla þeirra sé sérstökum vandkvæðum háð vegna kostnaðar eða annarra ástæðna, sbr. nefnda 7. gr. Engu þessu sé til að dreifa.

Hæstarétti hefur borist bréf, dagsett 8. febrúar 1991, frá lögmanni varnaraðila. Því fylgdu nokkur skjöl, m.a. þrjú bréf, sem skírskotað er til í eftirfarandi tilvitnun í bréf lögmannsins:

„Mér sýnist einsýnt, að skv. skjölum málsins er eignarrétti að fasteigninni nr. 57 við Norðurgötu á Akureyri þannig farið frá 05.09.1974:

Pinglesinn eigandi í veðmálabókum frá 05.09.1974 er Sana hf. Þessum þinglestri hefur ekki enn í dag verið breytt.

Samkvæmt ofanskr. bréfi, dags. 29.01.1979, er Sana hf. lagt niður með sameiningu við Sanitas hf. (eldra félagið). Við sameininguna verður því Sanitas hf. eigandi fasteignarinnar.

Samkvæmt ofanskráðum bréfum, dags. 19.12.1979, er Sanitas hf.

lagt niður með sameiningu við Pólaris hf. Við þessa sameiningu verður Pólaris hf. eigandi fasteignarinnar.

Samkvæmt vottorði hlutafélagaskrár, dags. 07.02.1991, varðandi stofnun nýs hlutafélags, Sanitas hf. (með sama nafni og hið eldra, sem lagt var niður 18.12.1979) og bréfi Alexanders Ág. Eðvarðssonar, löggilts endurskoðanda, verður fasteignin eign þessa félags, Sanitas hf., við stofnun þess 18.12.1982.

Samkvæmt bréfi Alexanders Ág. Eðvarðssonar, löggilts endurskoðanda, er fasteignin í eigu Sanitas hf. þar til 29.03.1990, að eignin er seld Víkingbruggi hf. Stofnefnahagsreikningur Víkingbruggs hf. ber með sér, að fasteignir eru þar færðar til eignar.

Samkvæmt þessu er núverandi eigandi fasteignarinnar nr. 57 við Norðurgötu á Akureyri Víkingbrugg hf., Akureyri, kt. 50.04.90-1799.“

Lögmaður sóknaraðila hefur tjáð Hæstarétti, að hann óski ekki eftir að láta þessi gögn til sín taka.

IV.

Samkvæmt framanskráðu var Sana hf. lagt niður sem sjálfstætt félag á árinu 1979. Engu að síður er félagið enn þinglesinn eigandi fasteignarinnar Norðurgötu 57 á Akureyri. Gögn kærumálsins leiða ekki nægilega í ljós, hver sé að lögum réttur varnaraðili þess. Ber því að vísa kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.